

Skipulags- og byggingarfulltrúi
Seyðisfjarðarkaupstaður
Hafnargötu 44
710 Seyðisfjörður

Reykjavík 9. janúar 2019
UST201811-228/K.S.J.
10.04.03

Efni: Lýsing - deiliskipulag - Hlíðarvegur á Seyðisfirði


Vísað er til erindis skipulags- og byggingarfulltrúa Seyðisfjarðarkaupstaðar er barst 27. nóvember sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um lýsingu tillögu að deiliskipulagi íbúðasvæðis við Hlíðarveg á Seyðisfirði.

Í ofangreindri lýsingu kemur fram að mæta á áætlaðri eftirspurn eftir lóðum með því að skipuleggja íbúðabyggð og mögulega þjónustuíbúðir á tæplega 5 ha svæði innan þéttbýlis Seyðisfjarðar. Umhverfisstofnun tekur undir það að með tillögunni er verið að þetta núverandi byggð.

Í lýsingu kemur fram að Dagmálalækur rennur um áætlað skipulagssvæði. Að mati Umhverfisstofnunar er mikilvægt að Dagmálalæk verði haldið óröskuðum innan svæðisins og að bökkum hans verði ekki raskað. Að mati Umhverfisstofnunar er mikilvægt að útivistargildi lækarins haldi sér innan svæðisins.

Að öðru leyti er ekki gerð athugasemd við ofangreinda lýsingu.
Beðist er velvirðingar á hve langan tíma hefur tekið að svara erindinu.

Virðingarfyllst


Kristín S Jónsdóttir
Sérfræðingur


Axel Benediktsson
Sérfræðingur